

**L ö g**

um

breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir,  
24. júlí 1789, hefir inni að halda.

**Vjer Christian hinn Niundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:  
1. grein.

Þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, skal það vera undir prófastinum komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til ljensjardanna og kirkjujardanna; þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta, að úttekt sje gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann einsamall greiða kostnaðinn, sem af því rís, nema því að eins að presturinn, sem fer frá, hafi vanhirt að gjöra tilhlyðilegan skriflegan samning um bygging á jörðinni enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu, eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sje leigð þeim ábúanda, sem eigi sje fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar.

Þegar taka skal út ljensjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal hann þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðinar.

2. grein.

Fyrir tjeðar úttektir skal auk ferðakostnaðar eptir reikningi ennfremur gjalda prófasti í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjærverandi frá heimili sínu. Skoðunarmönnum þeim, eða yfirskoðunarmönnum, sem nefndir eru í tilsk. 24. júlí 1789, 3. og 4. gr., skal borga 2 kr. hverjum um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina. Þegar til taka á fæðispeningana og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, 10. septbr. 1830, 15. og 16. gr.

Fyrnefndan kostnað skal greiða á þann hátt, sem ákveðið er í 6. gr. áður nefndrar tilskipunar, þannig að presturinn, sem fer frá og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með þeirri tilbreytingu, er leiðir af því, sem fyrir er mælt í 1. gr. hjer að framan.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 17. dag desbrm. 1875.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Nellemann.*

## L o v

om

Nr. 29.  
17de  
Decbr.

Forandringer i de i Forordningen angaaende Foranstaltninger til Bed-  
ligeholdelse af de geistlige Godser og Inventarier i Island af 24de Juli  
1789 indeholdte Bestemmelser.

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,  
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken  
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre viftterligt: Altsinnet har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## § 1.

Naar de i Forordning angaaende Foranstaltninger til Bedligeholdelse af de geistlige Godser og Inventarier i Island af 24de Juli 1789 ommeldte Udtægtsforretninger over Præstefald foretages, skal det bero paa Provsten, om og i hvilket Omfang Mensals- og Kirkegodset bør inddrages under Forretningen; dog skal den tiltrædende Præst være berettiget til at forlange Udtægtsforretning afholdt, selv om Provsten anser samme ufornoden, men i saa Fald vil han alene have at udrede de dermed forbundne Omkostninger, medmindre den fratrædende Præst, uanset derom givet Paalæg, har forsømt at oprette behørig skriftlig Bygselfkontrakt om Jorden, eller det viser sig, at en Kirkejord er bortbyglet til en Bruger, som ikke er vederhæftig i Henseende til Bygselfkontraktens Opfyldelse.

Naar en i et fremmed Provsti beliggende Mensals- eller Kirkejord skal udtages, gjør Provsten herom Indberetning til Biskoppen, som da overdrager Forretningens Afholdelse til Provsten i det Provsti, hvor Jorden er beliggende.

## § 2.

For de nævnte Udtægtsforretninger tilkommer der Provsten foruden Befordringsgodtgjorelse efter Regning endvidere Dagpenge af 3 Kr. for hver Dag, han i Anledning af Forretningen er fraværende fra sit Hjem. Til hver af de i §§ 3 og 4 i Forordningen af 24de Juli 1789 nævnte Snytmænd eller Oversnytmænd betales der 2 Kr. for hver Dag, de udføre Forretningen. Ved Beregningen af Dagpengene og Gastsættelsen af Befordringsgodtgjorelsen komme Reglerne i Sportelreglementet for Rettens Betjente i Island af 10de September 1830 §§ 15 og 16 til Anvendelse.

Foransførte Omkostninger afholdes i Overensstemmelse med den i ovennævnte Forordnings § 6 givne Regel med Halvdelen af den fratrædende og Halvdelen af den tiltrædende Præst, dog med den Bømpelse, som følger af ovenstaaende § 1.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 17de December 1875.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

*Nellemann.*